

BAUHAUS slhf.
Lambhagavegi 2-4
113 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2022
UST202104-179/H.I.I.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 8.12.2021 með niðurstöðu eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 7 – rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu; 8 – viðarvarnarefni; 14 – nagdýraeitur; 18 – skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21 – gróðurhindrandi vörur, sem Bauhaus slhf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Þar gerir Umhverfisstofnun kröfu um að fyrirtækið sendi afrit af merkimiðum fyrir 10 vörur þar sem bætt hefur verið úr þeim atriðum sem gerð voru frávik við í eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem falla undir vöruflokkana sem taldir eru upp hér að ofan og aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem féllu undir umfang verkefnisins. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Bauhaus slhf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 26.400,-.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur